

Skrifstofa rektors
2.9.2020/PK, MDB

Fyrir fund háskólaráðs 10.9.2020

Dagskrárliður 5. Minnisblað um framkvæmd ábendinga nefndar háskólaráðs um störf ráðsins á liðnu starfsári, sbr. 10. gr. starfsreglna ráðsins og fund ráðsins 4. júní sl.

Á fundi háskólaráðs 4. júní sl. lagði nefnd um störf ráðsins, sbr. 10. gr. starfsreglna þess, fram álit, dags. 26. maí sl., um störf ráðsins starfsárið 2019-2020. Málið var rætt og tekið undir þær ábendingar sem settar eru fram í álitinu. Sameiginlegri stjórnslu var falið að fara yfir þær og undirbúa mögulega útfærslu og framkvæmd fyrir næsta fund ráðsins eftir sumarhlé.

Nefndin leggur ekki til breytingar á starfsreglum háskólaráðs, en eftirfarandi tillögur eru lagðar fram sem nefndin telur að leitt gætu til umbóta á starfsháttum. Farið hefur verið yfir þær á vettvangi sameiginlegrar stjórnslu.

Tillaga um viðbrögð og mögulega útfærslu og framkvæmd ábendinga:

Ábending: „Kynningar frá nefndum háskólaráðs og gestum háskólaráðs eru mjög gagnlegar, en í mörgum tilfellum þyrfti að gefast meiri tími til umræðna um einstök mál, sér í lagi ef þau fela í sér stefnumótun til framtíðar.“

Viðbrögð: Lengdur verði tími kynninga og umræðu um þær í lok funda ráðsins úr 30 mín. í 45-60 mín.

Ábending: Nefndin leggur til „að haldinn verði einn aukafundur háskólaráðs á hverju skólaári sem helgaður yrði opinni umræðu um stefnumótun og/eða umræðu um stór málefni sem tengjast Háskóla Íslands (þ.m.t. skipulagsmál, rekstur, húsnæðismál og mannauð).“

Viðbrögð: Fyrir liggur að stefnumótun verður eitt helsta málið í vetur – og mun rektor reifa málið á fyrsta fund fullskipaðs ráðs 10. september. Sömuleiðis starfsáætlun 2020-2021, sem sett verður fram í drögum á þeim fundi. Til álita kemur að ræða þessi tvö mál sérstaklega á aukafundi háskólaráðs í október eða nóvember, eftir því sem stefnumótuninni vindur fram.

Skipulagsmál, húsnæðismál og mannauðsmál eru viðvarandi viðfangsefni, og starfandi eru nefndir á vegum rektors og háskólaráðs sem fara með þau málefni. Þessi mál munu koma reglulega til umræðu á fundum ráðsins í vetur. Fyrir liggur að framtíðarskipulag háskólasvæðisins, samgöngu- og bílastæðamál (þ.m.t. Borgarlína) munu koma til kasta ráðsins í vetur. Sama á við um mannauðsmálin, sbr. fund háskólaráðs 4. júní sl.

Ábending: „Umræða um fjármál mætti vera markvissari. Bætt umgjörð kynninga um fjármál væri gagnleg, til dæmis með því að útbúið yrði stjórnborð (byggt á rauntímamælingum) til að auðvelda háskólaráði að sinna eftirlitshlutverki sínu með rekstri Háskólans og tengdra aðila.“

Viðbrögð: Framkvæmdastjóri miðlægrar stjórnslu og sviðsstjóri fjármálasviðs munu kanna hvernig bregðast má við þessari ábendingu. Eins og kom fram í minnisblaði um viðbrögð við ábendingum nefndar ráðsins í fyrra berast gögn frá fjármálasviði stundum seint til ráðsins vegna þess að innleiðing stjórnvalda á nýjum reikningsskilastöðlum skv. lögum um opinber fjármál

sem tóku gildi í ársbyrjun 2017, með þriggja ára aðlögunartíma, hefur gengið hægt fram. Bókhaldskerfi og skýrslugerðartól hafa ekki verið uppfærð í samræmi við breytta staðla. Veldur þetta m.a. því að erfitt er að fá nauðsynlegar upplýsingar úr bókhaldskerfi um fjárhagsstöðu. Þess er vænst að þetta muni smám saman lagast. Upplýsingatæknisvið háskólans er að þróa vöruhús gagna sem ætti að auðvelda og flýta fyrir skýrslugerð og upplýsingamiðlun í framtíðinni. Jafnframt er verið að innleiða nýja útgáfu af áætlunarkerfi, svokallaða Planning Analytics lausn. Þetta nýja áætlunarkerfi mun bjóða upp á mun betri fjárhagsupplýsingar og þá sérstaklega hvað varðar paraðan samanburð á rauntölum á áætlunum. Áætlun Háskóla Íslands fyrir árið 2021 verður í þessu nýja kerfi og gert er ráð fyrir að skýrslutól kerfisins verði tilbúið snemma á næsta ári.

Ábending: „Almennt mætti leggja meiri áherslu á umræðu um rekstur. Hugmyndir um endurskoðunarnefnd á vegum háskólaráðs voru ræddar sem hefði það hlutverk að kafa dýpra í rekstur einstakra eininga þar sem upp hafa komið vandamál.“

Viðbrögð: Hvað varðar ábendingu um endurskoðunarnefnd á vegum háskólaráðs þá er lögð fram tillaga um að setja slíka nefnd á laggirnar, sbr. annan lið á dagskrá þessa fundar.

Ábending: „Kynningar sviðsforseta hafa verið gagnlegar, en raddir akademískra starfsmanna og stúdenta á hverju sviði mættu vera sterkari.“

Viðbrögð: Horft verður til þessarar ábendingar við skipulag kynninga á fundum ráðsins í vetur.

Ábending: „Skoða þarf sérstaklega verkferla nefnda sem fara með kærúmál nemenda til að auðvelda fulltrúum háskólaráðs að setja sig fljótt inn í þau mál sem rata inn á borð ráðsins.“

Viðbrögð: Verkferlar koma fram í reglum Háskóla Íslands nr. 569/2009 (50. og 51. gr.). Tekið verður saman minnisblað þar um. Vegna ábendingar umboðsmanns Alþingis sl. vor varðandi úrskurðarvald kæruneftndar í málefnum nemenda er í undirbúningi að leggja fram tillögu að breytingu á 50. gr. reglna.

Ábending: Ítreka mætti í upphafi hvers starfsárs (og ef til vill oftari) að fulltrúar háskólaráðs geti kallað sérstaklega eftir kynningum og upplýsingum sem tengjast starfsemi Háskóla Íslands. Eins mætti hvetja fulltrúa ráðsins enn frekar til setu á Háskólaþingi og akkerisfundum HÍ21.

Viðbrögð: Rektor leggur fram drög að starfsáætlun háskólaráðs í upphafi hvers háskólaárs og og kallar eftir viðbrögðum við henni. Enn fremur geta fulltrúar í háskólaráði ávallt komið fram með ábendingar og tillögur um dagskrárefni, kynningar, upplýsingar o.s.frv. Allir fulltrúar í háskólaráði eru boðaðir á háskólaþingi og fá fundarboð á akkerisfundum.

Störf háskólaráðs 2019-2020

Álit nefndar, 26. maí 2020

Á fundi háskólaráðs 1. nóvember 2012 voru samþykktar *Starfsreglur háskólaráðs Háskóla Íslands*. Reglurnar hafa verið endurskoðaðar nokkrum sinnum, síðast haustið 2017. Í 10. grein reglnanna er kveðið á um að ráðið setji á laggirnar nefnd sem hafi það hlutverk að leggja árlega mat á störf ráðsins á undangengnu starfsári. Meginmarkmið matsins er að rýna vinnubrögð ráðsins og leggja til umbætur í starfsháttum þess. Tillaga rektors um að skipa Ingibjörgu Gunnarsdóttur, varaforseta háskólaráðs og fulltrúa háskólasamfélagsins, Ásthildi Margréti Otharsdóttur, fulltrúa völdum af háskólaráði, Benedikt Traustasyni, fulltrúa stúdenta, og Einari Sveinbjörnssyni, fulltrúa mennta- og menningarmálaráðherra í nefndina var samþykkt á fundi háskólaráðs 2. apríl 2020.

Starfið 2019-2020

Nefndin lýsir almennri ánægju með starfshætti háskólaráðs. Fundirnir eru ávallt vel undirbúnir og skipulagðir, gögn berast tímanlega fyrir fundi og fundargerðir eru skýrar og gagnorðar. Fundarstjórn er góð og undantekning ef tímaáætlun stenst ekki. Nefndin sér ástæðu til að hrósa sérstaklega störfum og kynningum innri endurskoðanda sem hafa verið til fyrirmyndar. Eins hefur stefnu HÍ21 verið einstaklega vel fylgt eftir. Mikilvægt er að árangursmælikvörðum sem nú hafa verið skilgreindir verði fylgt fast eftir við mótun nýrrar stefnu fyrir Háskóla Íslands.

Nefndin leggur ekki til breytingar á starfsreglum háskólaráðs, en eftirfarandi tillögur eru lagðar fram sem gætu leitt til umbóta á starfsháttum.

- Kynningar frá nefndum háskólaráðs og gestum háskólaráðs eru mjög gagnlegar, en í mörgum tilfellum þyrfti að gefast meiri tími til umræðna um einstök mál, sér í lagi ef þau fela í sér stefnumótun til framtíðar.
- Nefndin gerir tillögu um að haldinn verði einn aukafundur háskólaráðs á hverju skólaári sem helgaður yrði opinni umræðu um stefnumótun og/eða umræðu um stór málefni sem tengjast Háskóla Íslands (þ.m.t. skipulagsmál, rekstur, húsnæðismál og mannauð).
- Umræða um fjármál mætti vera markvissari. Bætt umgjörð kynninga um fjármál væri gagnleg, til dæmis með því að útbúið yrði stjórnborð (byggt á rauntímamælingum) til að auðvelda háskólaráði að sinna eftirlitshlutverki sínu með rekstri Háskólans og tengdra aðila.
- Almennt mætti leggja meiri áherslu á umræðu um rekstur. Hugmyndir um endurskoðunarnefnd á vegum háskólaráðs voru ræddar sem hefði það hlutverk að kafa dýpra í rekstur einstakra eininga þar sem upp hafa komið vandamál.
- Kynningar sviðsforseta hafa verið gagnlegar, en raddir akademískra starfsmanna og stúdenta á hverju sviði mættu vera sterkari.
- Skoða þarf sérstaklega verkferla nefnda sem fara með kærumál nemenda til að auðvelda fulltrúum háskólaráðs að setja sig fljótt inn í þau mál sem rata inn á borð ráðsins.
- Ítreka mætti í upphafi hvers starfsárs (og ef til vill oftár) að fulltrúar háskólaráðs geti kallað sérstaklega eftir kynningum og upplýsingum sem tengjast starfsemi Háskóla Íslands. Eins mætti hvetja fulltrúa ráðsins enn frekar til setu á Háskólaþingi og akkerisfundum HÍ21.

Ásthildur Margrét Otharsdóttir

Benedikt Traustason

Einar Sveinbjörnsson

Ingibjörg Gunnarsdóttir